
1924 nr. 4 11. apríl

Lög um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot

Tóku gildi 19. júní 1924.

■ **1. gr.**

□ Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5 18. maí 1920,¹⁾ og lögum um rétt til fiskiveiða í landhelgi nr. 33 19. júní 1922,¹⁾ skal miða við gullkrónur og ákveða í dómnum eða sættinni jafngildi þeirra í íslenskum krónum, eftir gengi dag þann, er sektin er ákveðin.

¹⁾ Nú l. 79/1997.